



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 128/1295*  
*komudagur 24.2.2003*

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Allsherjarnefnd Alþingis  
b.t. Helgu A. Þórisdóttur  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 24. febrúar 2003

Sam 049/2003 PS/sp  
Tilv.: 215,0

### **Efni: Frumvarp til laga um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn**

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 21. febrúar, var lagt fram bréf allsherjarnefndar Alþingis, dags. 30. janúar 2003, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn.

Stjórnin samþykkti meðfylgjandi umsögn.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn



# Umsögn

## Sambands íslenskra sveitarfélaga

### Umsögn um frumvarp til laga um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn.

#### Um 2. gr.

Lagt er til að þau stjórnvöld sem fara lögum samkvæmt með yfirstjórn í björgunar- og leitarmálum verði talin upp.

Þessi athugasemd tengist náið athugasemd við 3. gr. um nauðsyn þess að skýrt sé hvaða stjórnvöld skuli semja við björgunarsveitir eða samtök þeirra. Einnig er mikilvægt að taka af öll tvímæli um hvaða stjórnvöld lögin taka til því nokkurs misskilnings gætir í athugasemdum með frumvarpsgreininni um hvaða stjórnvöld það eru á Íslandi sem raunverulega sinna björgunar- og leitarmálum. Þannig er t.a.m. ljóst að slökkvilið gegna björgunarhlutverki samkvæmt ákvæði frumvarpsins um að það feli í sér björgun manna eða verðmæta frá yfir vofandi hættu. Engu að síður eru slökkvilið ekki nefnd sem stjórnvöld sem sinna björgun.

#### Um 2. mgr. 3. gr.

Lagt er til að greinin kveði á um með skýrum hætti hvaða stjórnvöld skuli gera samninga við björgunarsveitir eða samtök þeirra, þ.á m. hvort sveitarfélög sérstaklega eða vegna ákveðinnar starfsemi þeirra, þurfi í einhverjum tilvikum að gera samninga við björgunarsveitir. Lagt er til að upptalning á þeim tilvikum sem stjórnvöldum er skylt að gera samning við björgunarsveitir sé skýr og tæmandi en ekki orðuð með svo óljósum hætti.

Með lagagreininni er lagt til að stjórnvöld skuli í samráði við heildarsamtök björgunarsveita gera samkomulag um samskipti og samstarf björgunaraðila þar sem er kveðið á um skipulag björgunarmála, upplýsingaskyldu, útköll og boðskipti. Í greinargerð með greininni kemur fram að hún geti m.a. átt við um staðbundin stjórnvöld, en ætla má að þar geti m.a. verið um að ræða sveitarfélög. Það er mjög óheppilegt að leggja svo óskýrar skyldur á stjórnvöld. Nauðsynlegt er að það sé afdráttarlaust hvaða stjórnvöld eigi að semja við björgunarsveitir og reyndar er eðlilegast að slíkar skyldur komi fram í sérlögum um viðkomandi stjórnvöld, t.d. þannig að skylda ríkislögreglustjóra til gerðar samninga við björgunarsveitir komi fram í lögreglulögum. Jafnframt er nauðsynlegt að nánar sé kveðið á hvers efnis samningar stjórnvalda við sveitarfélög eiga að vera.

Þannig afgreitt á fundi stjórnar sambandsins 21. febrúar 2003.

Þórður Skúlason

framkvæmdastjóri